

FJÖLMENNINGARRÁÐ

Ár 2020, mánudaginn 19. október, var haldinn 36. fundur fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi - fjarfundur og hófst kl. 15.01. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn með fjarfundarbúnaði: Anna Kristinsdóttir og Achola Otieno. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Sabine Leskopf, Hildur Björnsdóttir, Tui Hirv, Nichole Leigh Mosty og Renata Emilsson Peskova.

Joanna Marcinkowska ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Fram fer kynning á verkefni unnið með flóttafólki, Rewriting Stories of War into Stories of Peace.

Fjölmeningarráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Fjölmeningarráðið þakkar Hodu Thabet og Margréti Gísladóttur fyrir kynningu á þessu afar mikilvæga verkefni. Ráðið fagnar sérstaklega að hér fái flóttabörn á aldrinum frá 10 ára og eldri tækifæri að vinna úr erfiðleikum og valdeflast með skapandi skrif. Einnig er afar jákvætt að hér er líka unnið með foreldrum þessara barna, sem mörg hver eru ólæs, við að kenna þeim að lesa og skrifa. Slík verkefni eru stórt skref í að gefa þessum hópi gott veganesti í að verða virkir þátttakendur í íslenska samfélaginu.

Hoda Thabet og Margrét Gísladóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundabúnaði.

2. Fram fer kynning á starfsemi Reykjavík Ensemble International Theatre Company.

Fjölmeningarráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Ráðið þakkar fulltrúum frá Reykjavík Ensemble fyrir afar fróðlega kynningu á þessu verkefni. Ráðið fagnar að borgin gerði hópinn að Listahópi Reykjavíkurborgarinnar fyrir árið 2020 sem undirstrikar stefnu borgarinnar að styrkja bæði þátttöku og sýnileika listamanna af erlendum uppruna í borginni. Þetta starf er svo sannarlega rós í hnappagatið fyrir menningarlíf borgarinnar og í anda fjölmeningaryfirlýsingar sem var samþykkt þann 17. september 2019. Þá samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur fjölmeningaryfirlýsingu sem þar segir: “Við erum þakklát fyrir framlag innflytjenda í borgarlífinu. Við viljum gera þessu jákvæða framlagi innflytjenda hærra undir höfði. Við gerum okkur grein fyrir að fjölbreytileiki er undirstaða jákvæðrar þróunar.” Fjölmeningarráðið hlakkar til frekara samstarfs við Reykjavík Ensemble.

Ewa Marcinek og Pálína Jónsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundabúnaði.

3. Lagt fram minnisblað mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 5 október 2020, um stöðu og eftirliti með íbúðarhúsnæði í Reykjavík með tilliti til brunavarna.

Fjölmeningarráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Ráðið þakkar Guðrúnu Elsu Tryggvadóttur, Andor Tibor, Hrólfi Jónssyni og Jóni Steinssyni fyrir áhrifamiklar kynningar. Ráðið hefur áður lýst yfir þungum áhyggjum

yfir því að innflytjendur kunnir að vera sérstaklega útsettir fyrir því að leita sér ekki aðstoðar ef húsnæði þeirra er á einhvern hátt ábótavant, t.d. eftirliti við brunavarnir. Með þessu samtali hefur verið staðfest að innflytjendur leita síður til yfirvalda með ábendingar um hættulegar aðstæður. Ástæður þessa eru bæði vantraust til yfirvalda sem og hræðsla við að verða heimilislaus. Ráðið tekur undir bókun og ályktunartillögu mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs frá 8. október 2020 en ítrekar að nauðsynlegt sé að bæta lagalega stöðu, samstarf milli ríkis, sveitarfélaga og verkafélags. Einnig að ábyrgðin sé hjá þessum aðilum að tryggja að innflytjendur eru vel upplýstir og byggja upp traust þeirra til að nýta þau úrræða sem þó standa til boða.

Guðrún Elsa Tryggvadóttir, Andor Tibor, Hrólfur Jónsson og Jón Steinsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundabúnaði.

4. Lögð fram bréf frá nefndarsviðs Alþingis dags. 15. október sl. með beiðni um umsögn um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, 14. mál.

Frestað.

5. Lögð fram bréf frá nefndarsviðs Alþingis dags. 15. október sl. með beiðni um umsögn um frumvarp til laga um stjórnslu jafnréttismála, 15. mál.

Frestað.

Fundi slitið kl. 16.48

Sabine Leskopf

Hildur Björnsdóttir
Tui Hirv

Renata Emilsson Peskova
Nichole Leigh Mosty